

Breytingar á norrænu menningarsamstarfi



Brian Mikkelsen Danmörku, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir Íslandi, Trond Giske Noregi, Leif Pagrotsky Svíþjóð, Camilla Gunell Álandseyjum og Jógvan á Lakjuni, Færeyjum.

Norrænu menningarmálaráðherrarinnir ákváðu á fundi sínum í gær í Reykjavík að breyta og betrubæta formið á norrænu menningarsamstarfi á sviði lista og annarra menningarverkefna.

Ákveðið var að leggja niður þrjár stjórnarnefndir frá og með 1. janúar 2006 og losa þannig um fjármagn til að nýta í nýtt margmiðlunarverkefni sem á að hefjast 2006. Verkefninu er sérstaklega ætlað að styðja við þróun norrænna tölvuleikja fyrir börn og ungt fólk. Jafnframt var tekin ákvörðun um að veita 62 milljónum íslenskra króna til þess á næsta ári.

Nefndirnar sem lagðar verða niður um næstu áramót eru; stjórnarnefnd um barna- og unglingamenningu, stjórnarnefnd um fjölmiðla og stjórnarnefnd um menningarsamskipti við lönd utan Norðurlanda. Um áramótin 2006/2007 verða síðan Norræna fjölmiðlamiðstöðin, Sviðslistamiðstöðin, Samtímalistastofnunin, Listamiðstöðin í Dalsåsen, bókmennta- og bókasafnsnefndin, safna-

nefndin og norræna tónlistarnefndin lagðar niður.

Ráðherrarnir tóku ennfremur ákvörðun um að hefja vinnu við nýtt verkefni til stuðnings listum sem koma á í stað þeirra fag- og listanefnda sem núna starfa. Verkefnið á að þróa í nánú samráði við listamenn og aðra þá sem sinna listum og menningu á Norðurlöndum og verður það til umræðu á fyrsta norræna menningarþinginu sem haldið verður í febrúar á næsta ári. Norræna menningarþingið er nýr samstarfsvettvangur sem verður til við breytingarnar.

Síðast en ekki síst ákváðu ráðherrarnir að veita 120 milljónum íslenskra króna til ferða- og dvalarstyrkja fyrir listamenn árið 2006.

Úttekt á rannsóknum á sviði fræðslu- og menntamála

Nú er lokið úttekt á rannsóknum á sviði fræðslu- og menntamála sem unnin var fyrir [Rannsóknamiðstöð Íslands](#) og [menntamálaráðuneyti](#) á árunum 2003-2005.

Meginmarkmið úttektarinnar var að kortleggja umfang og þýðingu rannsókna og nýbreytni á sviði mennta- og fræðslumála með það að leiðarljósi að auka skilning á þýðingu rannsókna og nýbreytnistarfs og ekki síst til eflingar þess. Úttektin felur í sér fjórar sjálfstæðar athuganir:

1. [Menntarannsóknir í íslenskum háskólum](#)
2. [Stofnanatengdar menntarannsóknir](#)
3. [Þróunarverkefni í íslenskum skólum](#)
4. [Þróun fræðslumála í atvinnulífi](#)



Auk þessara skýrslna eru samantektir á [íslensku](#) og [ensku](#). Hver skýrsla og samantekt er sjálfstæður hluti.

Allyson Macdonald, prófessor við Kennaraháskóla Íslands og formaður stýrihóps rannsóknarinnar, afhenti menntamálaráðherra Þorgerði Katrínu



Allyson Macdonald afhendir Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur fyrsta eintak skýrslunnar Úttekt á rannsóknum á sviði fræðslu- og menntamála á málþingi Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands, Þælt í PISA


Gunnarsdóttur fyrsta eintak skýrslunnar á málþingi Kennaraháskóla Íslands [Nám í nútíð og framtíð: Þælt í PISA](#), föstudaginn 7. október sl.

Rannsóknamiðstöð Íslands og menntamálaráðuneyti stóðu að fjármögnun úttektarinnar. Auk þeirra styrktu eftirtaldir aðilar úttektina: [Kennaraháskóli Íslands](#), [Háskóli Íslands](#), [Háskólinn á Akureyri](#) og [Starfsafl](#).

Skýrslurnar fjórar og samantekt á íslensku og ensku eru aðgengilegar á vef [menntamálaráðuneytis](#) og á vef [Rannsóknamiðstöðvar Íslands](#).

Jafnframt má finna nánari upplýsingar um framkvæmd úttektarinnar á vef [Kennaraháskóla Íslands](#).

Hlutfall framhaldsskólanema í frönsku, spænsku og þýsku 1999-2004



Mynd fengin af vef Hagstofu Íslands.

